

## Stjórnarfundur TSÍ þann 12704.2009 kl 21:15 – 23:30

Mættir voru Helgi Þór, Ingólfur, Jónas, Raj, Rakel og Skjöldur

### 1. Skipun hlutverka í nýrri stjórn

Ákveðið var að hlutverk stjórnar yrði sú sama og var á síðasta starfsári þ.e. , Ingólfur væri gjaldkeri, Rakel ritari, Gunnar varaformaður og Hafsteinn meðstjórnandi. Ákveðið var að skipa síðar í nefndir.

### 2. ITN stigalistinn

Raj kynnti stjórnarmönnum þá hugmynd sem hann fór yfir á ársþinginu um að nota ITN stigalistann sem verkfæri til að úthluta styrkjum til tennisspilara á aldrinum 13-20 ára. Raj vildi hafa aldurinn upp í 20 ára þar sem hann taldi að það væri raunhæft markmið hjá TSÍ að búa til leikmenn sem gætu farið á tennisstyrk í bandaríska háskóla. Hugmyndin er að nota svokallað A,B,C kerfi í líkingu við A,B,C styrkjakerfi ÍSÍ þar sem A styrkur er sá hæsti og C styrkur sá lægsti. Þetta myndi þá vonandi hvetja tennisspilara til að spila fleiri leiki og reyna að klifra upp listann með það að markmiði að komast á A, B eða C styrk. Hugmynd kom upp um að hafa þyrfti líka lágmarksfjölda leikja á ári bakvið listann t.d. 20 leikir á ári. Stjórnarmönnum fannst styrkleikakerfið flott en veltu fyrir sér hvort TSÍ væri of lítið samband til að vera með svona kerfi á sínum snærum. Menn ræddu um það hvort væri betra að láta leikmenn fá pening eða styrkja verkefni. Einnig var rætt hvernig ætti að meðhöndla opinbera styrki m.a. frá félögunum, ÍSÍ og bæjarfélögunum, þ.e. hvort taka ætti tillit til þeirra við styrkjaúthlutun eður ei.

Helgi stakk upp á því að ITN listinn yrði aldursflokkaður þannig að það væri auðveldara fyrir spilara að sjá hvar þeir standa miðað við sinn aldur.

Jónas sagði frá því að Ítalinn sem var í síðustu viku hérna á vegum Carolu sé tilbúinn að fá hóp af krökkum til sín í ágúst til að æfa og keppa á Ítalíu. Það er komið í ljós að ekkert verður af Svíþjóðarferðinni sem Yousef var að kanna fyrir sambandið.

Hugmynd kom upp um að mynda sterkt samband við eitt land þannig að krakkar gætu farið þangað reglulega til að æfa og keppa. Norðurlönd og Ítalía voru nefnd í því sambandi.

Rakel kom með þá tillögu að nafni ITN stigalistann yrði breytt í Styrkleikalisti TSÍ. Menn höfðu ýmsar skoðanir um nafnið en voru sammála um að hafa ITN og TSÍ inn í nafninu. Þar sem menn voru ekki sammála þá verður nafnið ákveðið síðar og mönnum gefst tækifæri til að velta nýju nafni fyrir sér.

### 3. Davis Cup, Fed Cup, Ólympíuleikar Æskunnar, Evrópuþróunarmót, Smáþjóðaleikarnir

Raj stakk upp á því að alltaf yrði farið í ofangreindar ferðir þannig að þetta yrði fastur punktur hjá landsliðsmönnum og þeir gætu því stefnt á þessar ferðir. Það væri þá hægt að hafa upplýsingar um þær á heimasíðu TSÍ. Stjórnarmenn voru sammála að það væri æskilegt að hafa ákveðnar ferðir sem yrði alltaf farið í og að það væri stefnt á það. En það þarf þó alltaf að skoða það árlega m.t.t. fjármagns, ekki væri hægt að negla það niður.

Raj ætlar að sækja um styrk fyrir Davis Cup og Fed Cup til ÍSÍ sem á að skila fyrir 15.maí.

#### **4. ITF þjálfararáðstefna**

Raj sagði frá ITF þjálfararáðstefnu sem verður haldin á Spáni í lok október. TSÍ hefur rétt til að senda 4 þjálfara og þátttökugjald er 200 evrur á mann. Andri og Carola hafa einnig áhuga á að fara. Raj sagði að honum fyndist nóg að senda tvo þjálfara á þessa ráðstefnu. Hann kom með þá tillögu að þeir sem myndu fara á ráðstefnuna yrðu skyldugir til að halda tvö grunnstignámskeið - eitt í maí, annað í september og halda svo fyrirlestur um ráðstefnuna fyrir þjálfara.

Jónas sagðist hafa áhuga á að fara á þjálfaranámskeið sem er fyrir undir 10 ára.

Ákveðið var að vísa þessu til fræðslu-og útbreiðslunefndar. Einnig var ákveðið að Jónas yrði formaður fyrir þeirri nefnd.

#### **5. Dómaramál**

Raj vildi halda dómaranámskeið í næsta mánuði og sagðist hafa réttindi til þess. Ekki var ákveðið hver yrði formaður dómaranefndar en hugsanlega Yousef ef hann væri tilbúinn til þess að vera áfram.

#### **7. Umbun til Íslandsmeistara meistaraflokks**

Raj kom með þá tillögu að Íslandsmeistarar innanhúss og utanhúss fengu 25 þ.kr styrk frá TSÍ fyrir sitt hvort mótið. Þar sem endanleg fjárhagsáætlun hefur ekki verið ákveðin var ákveðið að hafa þetta bakvið eyrað við gerð hennar.

#### **8. Heimasíða TSÍ**

Rakel sagði frá því að hún hafði átt fund með Hirti Scheving (vefhetjan.is) sem væri tilbúinn að búa til nýja heimasíðu fyrir 100.000 kr. Einnig sagði hún frá því að það væri hægt að fá íslenskt lén og hýsingu fyrir 16.000 kr á ári, miðað við að það sé borgað fyrirfram. Stjórn samþykkti að Rakel fengi umboð til að semja við Hjört um gerð nýrrar heimasíðu, hvort sem hún myndi reyna að lækka tilboð Hjartar niður í 84.000 kr þannig að heildarsumma með hýsingu yrði 100.000 eða að heildarpakkinn yrði 116.000 kr.

Ingólfur benti á að myndir á tennis.is sem Hjörtur bjó til væru mjög hægvirkar og það yrði kannað hvort það yrði nokkuð vandamál á nýrri heimasíðu TSÍ.

Ákveðið var að nafni heimasíðunnar yrði breytt og kom Rakel með tvær hugmyndir: tsitennis.is og tennissamband.is. Fleiri voru inn á síðara nafninu og var ákveðið að það yrði notað nema aðrar nafngiftir kæmu fram sem menn yrðu hrifnari af. Rakel bað stjórn um að íhuga nafn og endilega koma með fleiri hugmyndir.

#### **9. “Play and Stay” frá ITF**

Raj kom með þá tillögu að það yrði opinn dagur hjá öllum tennisfélögum þar sem fólk gæti komið og fengið að spila, svipuð hugmynd og svokallað “play and stay” sem ITF er með. Jónas sagðist ekki hafa góða reynslu af opnum húsum, sárafárir hefðu mætt.

## **10. Hlutverk framkvæmdastjóra**

Raj sagði að með sinni þekkingu gæti hann hjálpað stjórn að ná fram framtíðarsýn fyrir tennissambandið. Hann sagðist vilja búa til fleiri kerfi innan TSÍ svipað og styrkleikakerfið með tengingu við ITN listann(sjá undir lið 2). Þá myndu allir vita línur TSÍ fyrirfram.

## **11. Ársþingið 14.apríl síðastliðinn**

Rakel sagðist sakna þess að engar greinar birtust í ársskýrslunni frá nefndunum (nema frá mótanefnd) og ekki var sérstök grein um Íslandsmótið utanhúss. En ákveðið hafði verið á síðasta stjórnarfundinum fyrir ársþing að þessar greinar ættu að vera í ársskýrslunni. Jónas sagði að ástæðan fyrir því að ekkert hefði komið frá sinni nefnd væri að hún væri ekkert komin af stað af viti. Skjöldur sagði að fyrir næsta ársþing ætti að skila greinum inn mánuð fyrir ársþing þannig að stjórnarmenn gætu lesið yfir hvor hjá öðrum.

Skjöldur sagði að aldrei á sínum 40 ára ferli sínum tengdum félagsmálum hefði hann lent í öðru eins og á síðasta ársþingi. Það að framkvæmdastjóri hafði ætlað að bjóða sig fram sem formaður án þess að láta stjórn vita hefði verið skammarlegt. Sérstaklega í ljósi þess að talað hafði verið um á stjórnarfundinum fyrir ársþingið hvort stjórnarmenn ætluðu að breyta sinni ábyrgð en þá hafði Raj ekki sagt neitt. Einnig væri ekki eðlilegt að framkvæmdastjóri kæmi með tillögu að nýrri fjárhagsáætlun sem væri borin fram á ársþinginu án þess að vera búinn að sýna stjórn hana. Þetta væri trúnaðarrof.

Í ljósi þess sem hafði gerst á síðasta ársþingi taldi Skjöldur að eðlilegt væri að framkvæmdastjóri segði af sér eða stjórn myndi segja framkvæmdastjóra upp. En þar sem við þekkjumst öll vel þá sé það ekki endilega það sem við viljum gera í þessu máli. Skjölur taldi rétt að loka yrði síðasta starfsári með því að taka tillit til þessa máls. Taka þyrfti formlega afstöðu um þetta mál og allir fengu tíma til að hugsa fram að næsta stjórnarfund hvað þeir vildu gera varðandi framkvæmdastjóra og allir hefðu sinn atkvæðarétt í því máli.

Raj sagðist ekki hafa verið búinn að ákveða að bjóða sig fram sem formaður á síðasta stjórnarfundinum fyrir ársþing og þess vegna hefði hann ekki sagt neitt þá.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ